

Orkusjóður auglýsir styrki til uppbyggingar á hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Eitt af áhersluatriðum áætlunarinnar eru orkuskipti í samgöngum sem er stærsti losunarþátturinn sem snýr að beinum skuldbindingum Íslands. Áætlað er að verja 1,5 milljarði króna á næstu fimm árum til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna og fleiri nauðsynlegra aðgerða í orkuskiptum hér á landi.

Orkusjóði hefur, í samræmi við 8. gr. laga nr. 87/2003 um Orkustofnun, verið falið að sjá um úthlutun styrkja til átaksverkefna á þessu sviði og auglýsir sjóðurinn hér með eftir styrkumsóknum til uppbyggingar á hraðhleðslum fyrir rafbíla. Með hraðhleðslu er átt við hleðslustöð þar sem mögulegt er að yfirfæra raforku á rafknúð ökutæki með afli sem er meira en 22 kW.

Markmiðið með verkefninu er að fjölga aflmiklum hleðslustöðvum þar sem þörfin er mest til að tryggja hindrunarlausan akstur rafbíla á langferðum. Um málsmeðferð og úthlutun styrkja fer samkvæmt reglugerð nr. 185/2016, um Orkusjóð.

Við úthlutun styrkja verður miðað við að:

- Verkefnið leiði til uppsetningar á aflmeiri stöðvum en fyrir eru og styttri þar með hleðslutíma.
- Verkefnið bæti opið aðgengi og hleðsluhraða fyrir lengri ferðir rafbíla. Sérstaklega skal þar horft til uppsetningu stöðva þar sem umferð milli svæða er hvað mest.
- Verkefnið mæti þörfum bílaleigubíla og flýti þannig innleiðingu rafbíla í ferðaþjónustu.
- Rekstur þeirra hleðslustöðva sem verða styrktar verði tryggður í a.m.k. 3 ár.
- Greiðslufyrirkomulag á stöðvum verði opið öllum án skuldbindinga.
- Þegar fleiri en einn sækir um uppsetningu stöðva á sama stað, þá er sá umsækjandi valinn sem býður lægsta kostnað við uppsetningu.

Til úthlutunar í átaksverkefninu eru samtals 200 m.kr. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 185/2016, um Orkusjóð.

Um úthlutun styrkja fer nánar samkvæmt reglugerð nr. 185/2016, um Orkusjóð.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2019.

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Sími: 569 6083. Netfang: jbj@os.is.